

Alþingi  
Erindi nr. P 130/919  
komudagur 3.2.2004



Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
B.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur, nefndarritara  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.


Reykjavík, 26. janúar, 2004

Umsögn um: Þingsályktunartillögu um tannvernd barna og unglunga, 25. mál.

Barnaheill taka undir það sem kemur fram í byrjun greinargerðarinnar að heilbrigði munnhólsins er öllum mönnum mikilvægt til að halda góðri heilsu. Til að ná því markmiði er nauðsynlegt að börn fái reglulega skoðun og forvarnir hjá tannlæknum helst tvisvar á ári án greiðslu sem tryggir að öll börn njóti sömu þjónustu.

Í ljósi þess að 20% barna á höfuðborgarsvæðinu og 22,3% á Vestfjörðum skiluðu sér ekki til tannlæknis á tímabilinu 1. janúar 2001-30. júní 2002 telja Barnaheill brýnt að skoða hver ástæða þess er og leggja til úrbætur í kjölfarið.

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla.

  
Kristín Jónasdóttir, framkv.stjóri.